



Zarina Bhimji - Indelible, 1995  
Light box.  
79 x 104 x 19 cm

### Er til list sem allir geta verið

#### sammála um að sé ógeðsleg list ?

Texti: Guðmundur R Lúðvíksson

Svona spurningu er að sjálfsgöðu ekki hægt að svara þótt það hafi marg oft verið reynt. Aftur á móti hafa myndlistarmenn á öllum tímum reynt á þanþol áhorfenda með allskonar framsetningu á list. Það sem sumum finnst vera óhugnalegt getur öðrum fundist afar sjálfsgöður hlutur í því umhverfi sem hann er hverju sinni. Tökum dæmi um þetta verk eftir Zarina Bhimji frá 1995 sem hér er á forsíðunni. Daglega hefur almenningur ekki svona hluti fyrir augunum. En á vísindastofum um allan heim eru allskonar hlutir geymdir í formlíni svo árum skiptir. Þeim starfsmönnum sem vinna í þannig umhverfi þykir sjálfsgött ekkert til svona verka koma. En almennur áhorfandi sem ekki er vanur því finnst án efa svona verk nokkuð óhugnalegt. Til eru listamenn sem vinna sérstaklega með umferðarslys sem megin þema í verkunum sínum.



Þau verk eru oft afar óhugguleg á að sjá. En aftur á móti fyrir t.d lögreglumenn og starfsfólk sjúkrahúsa eru þannig hlutir að gerast alla daga ársins. Hversvegna eru þá myndlistarmenn að vinna með þannig verk ? Jú, myndlistin er og hefur ætíð verið hluti af daglegu lífi fólks og á að geta sagt eitthvað og opnað augu samborgaranna fyrir hverju sem er. Ef heimurinn væri svo einfaldur að hann gæti komist að samkomulagi um hvað væri t.d fállegt og ætti upp á pallborð listarinnar og lífsins væru örugglega ekki til stíð, hriðjuverk og umferðarslys ! Í hugtakinu myndlist er því nánast ekki til orð eins og fegurð, ljótt, ógeðslegt eða bannað. Í heiminum er örugglega ekki til eitt einasta listaverk þar sem allir eru sammála um að sé fullkomnlega fagurt, ljótt eða ógeðslegt. Ef svo væri, þá væri myndlistin algjörlega dauð og hefði ekkert fram að færa.

# Troðningur vill vita!

## Hvaðan koma nöfn Grindavíkur og Sandgerðis á Reykjaneskaga?

Fengið af vísindavefnum.



Hluti úr verkinu óður til Reykjanes eftir GRL

Grindavík:

**Svar:** Grindavíkur er getið í Landnámabók (Íslensk fornrit I:330). Í sömu bók eru auk þess Grindalækur í Húnavatnssýslu og Grindur í Borgarfirði. Örnefnum bendir orðið grind til merkingarinnar 'gerði' eða 'hlið', eða 'klettarið', til dæmis Grindaskörð í Gullbringusýslu og Grindamúli í Suður-Múlasýslu, Grindarás í Austfjörðum (Íslenskt fornbréfasafn IV:205,271), Helgrindur á Snæfellsnesi og Jökulgrindur í Rangárvallasýslu. Klettaraní á merkjum Þorpa og Hvalsár í Strandasýslu heitir Grind (Íslenskt fornbréfasafn IV:161). Sögn er um að grind hafi verið þar í skarði til varnar ágangi búfjár.

Hugsanlegt er að grind hafi átt við sundmerki\* en Sundvarða er í Herdísarvíkursundi, "sem tréð með grind stendur í" (Örnefnaskrá).


Sandgerði:

**Svar:** Sagt er að Sandgerði og Uppsálar hafi verið ein jörð en síðan skipst. Talið er að þar hafi verið byggt fyrst á fyrstu áratugum byggðar í landinu (Landið þitt Ísland IV:12). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er sagt að sjór og sandur brjóti nokkuð á túnin (III:59).

Nafnið er auðskilið. Hlaðið hefur verið gerði, annaðhvort til þess að halda skepnum eða vegna kornræktar. Þar hefur jarðvegur verið sandborinn. Hugsanlegt er líka að gerði hafi verið hlaðið þar til að varna ágangi sands.

## Útilistaverkið:

Troðningur rakst á þessa mynd á vefnum. Hér hefur dauðt tré á miðjum akri fengið verðugt hlutverk.



## Nakin list.

Nekt hefur aldrei átt upp á pallborð íslenskra listunnenda. Hvernig á því stendur er ekki gott að segja. En erlendis um allan heim er mannslíkamin mikið notaður í myndlist hverskonar og þykir ekki svo mikið til taka. Troðningur sýnir hér nokkur nakin verk eftir ýmsa listamenn.



## Litli fréttagugginn !

Sara Björnsdóttir og Kristbergur Pétursson standa fyrir spjallsíðu myndlistarmanna á facebook:  
<http://www.facebook.com/group.php?gid=198060388452>


Guðný Rósa Ingimarsdóttir opnaði sýningu í Koraalberg galleríinu við Pourbusstrat 5 í Antwerpen 3. des 09- 16.jan 10  
<http://www.koraalberg.com/>

Sýningar framundan í Listasafni Íslands og Listasafns Akureyrar.

Á heimasíðu safnana var ekkert að finna ?

### “Garúm Garúm”

Sýning í Listasmiðjunni á vallarsvæðinu.  
Opnar fimmtudaginn 14. janúar 2010  
kl. 20.00



“Figure’s”

Verk eftir GRL 2009

## Ljóð

### Frá Reykjanesi fjöllin fögur bláu

Lag og ljóð: Guðmundur R Lúðvíksson – 02.10 2009

Frá Reykjanesi fjöllin fögur bláu,  
í fjarska glitra ljós úr Reykjavík.  
Snæfellsjökuls tindar himinn háu,  
hafið speglar landsins rómantik.

Á mosavöxnum steini fuglinn syngur,  
sumarið víst kom til lands í dag.  
Á hæsta tindi stendur heimspekingur  
sem gefið hefur landi sínu lag.

Frá Grindavík og Garði, út í Voga,  
gengu vaskir menn á fyrri tíð.  
Og kona kunni þá að láta loga,  
lengi í ástareldi, heit og blíð.

Á næturhimni norðurljósín lýsa,  
þá nýt ég þess að ganga einn með þér.  
Á Reykjanesi borgir munu rísa,  
og ráðgóð gengur þú við hlið á mér.

Frá Sandgerði í Keflavík, og Voga,  
gengu vaskir menn á fyrri tíð.  
Og kona kunni þá að láta loga,  
lengi í ástareld, heit og blíð.

Frá Reykjanesi fjöllin fögur bláu,  
í fjarska glitra ljós úr Reykjavík.  
Snæfellsjökuls tindar himinn háu,  
hafið speglar landsins rómantik.

## Nýjasta gallerí æðið !



## Nýjasta gallerí æðið !

Myndlistin er oft snögg að tileinka sér nýjustu tæknina og vinna með hana. Það nýjasta eru sýningar í gegnum myndsíma. Stofnuð hafa verið sérstök gallerí þar sem hægt er að senda myndir af verkunum sínum og sýna þau hverjum sem vilja sjá . Notendur senda síðan á milli sín myndir og upplýsingar um verkin og listamennina. Hvort þetta á eftir að ná einhverri fótfestu er ómögulegt að segja til um. Sjálfsagt á þetta ekkert heimagent í íslenskum myndlistarheimi frekar en t.d tölvumyndlistin sem aldrei kom til Íslands nema að litlu leyti. Því eins og allir vita er enn verið að móða úr hugmyndafræði þeirri sem fram kom upp úr 1970 og sjá má enn að mestu í t.d Nýlistasafninu og nokkrum öðrum stofnunum sem tengjast því óbeint.

# Spinnerei - Vefnaðarverksmiðju

breytt í listamannahverfi



Troðningur ætlar að fjalla hér aðeins um eina stærstu vefnaðarverksmiðju sem rekin var í Austur Þýskalandi fram að falli múrsins og var síðar breytt í eitt stærsta listasetur í Evrópu. Undirritaður heimsótti verksmiðjuna árið 2009 og var bergnumin af framtakinu .

Spinnerei í Leipzig í Þýskalandi.

Hundraðir myndlistarmanna eru með vinnustofur í Spinnerei. Þar eru 11 glæsileg gallerí. Verkstæði, arkitektastofur, hönnuðir, skartgripasmiðir og fatahönnuðir. Þarna eru líka ýmis prentverkstæði, leikhúsgærðar fólk af öllum toga, alþjóðlegt dansstúdíó, og kvikmyndahús svo eitthvað sé nefnt. Staðurinn var stærsta vefverksmiðja í Evrópu í byrjun 20 aldarinnar og þar unnu þúsundir manna. Í byrjun aldarinnar var verksmiðjunni breytt í eina af athyglisverðustu listahverfum í Evrópu.

Verksmiðjan var fyrst skráð opinberlega 21. júní 1884. Þegar mest var unnu þarna um 2500 manns og 1989 voru enn um 1650 manns að vinna í verksmiðjunni. Árið 1993 lagðist hún algjörlega niður og var seld vestur þjóðverja undir annan rekstur.

Um 1998 lögðu fyrstu myndlistarmennirnir undir sig eina og eina byggingu eftir fall múrsins og voru þær í niðurníðslu. Árið 2001 komu fjárfestar og fyrirtæki og lögðu fram nokkurt fé til að byggja upp svæðið og koma því í það glæsilega ástand sem það er í núna. Listamenn lögðu fram vinnu og hugmyndir að svæðinu. Þangað koma nú þúsundir ferðamanna og listafólks úr öllum heiminum sem heimsækja vinnustofurnar og galleriín.

Þeir sem vilja fræðast enn frekar um þetta merka listasetur geta farið á netsvæðið: [www.spinnerei.de](http://www.spinnerei.de)

Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður



Ljósmyndir fengnar af vef Spinnerei

# Spinnerei - Listamanna hverfi í Leipzig - Þýskalandi



Ljósmyndir fengnar af vef Spinnerei



Guðmundur R Lúðvíksson í heimsókn í Spinnerei 2009

# Listamaðurinn

## Útígangsmáðurinn

Um allan heim eru útígangsmenn. Í öllum borgum hvert sem farið er. Oft vekja þessir "listamenn" fyrst athygli þegar komið er á nýja staði. Og hugsun manns beinist að þeim. Í mörgum tilfellum hafa þessir einstaklingar kosið að lifa svona, en í allt of mörgum tilfellum er það vegna samfélagslegra ástæðna sem það gerist einnig. Mikið af útígangsmönnum eru fróðleiksfolk og hefur margt til lífsins að leggja ef sóttst væri eftir því. En einhverra hluta vegna hafa samfélögin og pólitíkin um allan heim kosið að þegja sem lengst og gera sem minnst fyrir þennan þjóðfélagshóp eða þessa listamenn. Meiru og meiru fé er varið í vopnaburð heimsins og alla þá tækni sem sá grimmdarheimur þarf á að halda. Meiri umræða fer fram um allskonar hluti en þennan hóp fólks sem jú tilheyrir okkur öllum. Fátækt gerir ekkert annað en að gera aðra fátæka. En sem betur fer er líka til fólk í þessum heimi sem lætur sér annþ um þennan hóp sem ráfar um borgir og bæi heimilislaust og félaust. En samt sem áður eiga þeir ekki upp á pallborð umræðu um sanngjarnt líf og eðlilegar úrlausnir sem okkur öll varðar. Samfélög samanstanda jú af því fólk sem í því býr. Og það er okkar að sjá til þess að allir sem í þennan heim fæðast hafi það mannsæmandi, hver sem geta hvers og eins er. Við sjálf búum til leikreglurnar. Það erum við sem kjósum yfir okkur ósómamann og getulaust fólk til að stjórna þessum heimi fyrir okkur. Við þurfum nýja hugsun að stjórnámálum.



Ljósmyndir:  
GRL



Úr Wikipediu, frjálsa alfræðiritinu:

### HVAÐ ER LIST ?

Stökkva á: flakk, leita.

Mona Lisa eftir Leonardo da Vinci er með þekktustu listaverkum heims. List er það þegar sköpunargáfunni er gefinn laus taumurinn og myndir, tónverk, stytur eða aðrir hlutir eru búnir til, í þeim

megintilgangi að varpa ljósi á fegurð og mikilfengleika heimsins, að tjá tilfinningar eða skilning listamannsins, eða að aðrir fái notið verksins. Orðið list getur einnig átt við um afrakstur slíkrar sköpunar.

Erfitt er að skilgreina list á altækan hátt, þótt margir hafi sterkar skoðanir á því hvað er list og hvað ekki. Ótal mælikvarðar eru til um það hvaða skilyrði hlutur eða verknaður þarf að uppfylla til að teljast list. Sumir telja að list sé það sem eykur skilning okkar á umheiminum umfram einfaldan hlutlægum skilning.

Oft er talað um að verknaður sé list ef afraksturinn er fagurfræðilegur (Hatcher, 1999). Samkvæmt þessari skilgreiningu hefur list fylgt mannkyninu frá því örófi alda, eins og hellamálverk sýna. En þótt hægt sé að skilgreina list á mjög víðtækan máta eru margir sem vilja undanskilja ýmsa iðju sem þó miðar að fagurfræðilegum afrakstri, svo sem handverk og iðnhönnun. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem er nýrri af nálinni, er orðið list lítið meira en stytting á hugtakinu sköpunarlist eða hámenningarleg list. Með öðrum orðum er mest áhersla lögð á nýnæmi listarinnar og að listamaðurinn ögri áhorfandanum, svo upplifun listarinnar verður virkur atburður, frekar en að listin sé í bakgrunni og geri umhverfið fallegra. Til dæmis geta handþrjónuð föt sem unnin eru samkvæmt uppskrift aldrei orðið list í þessum skilningi orðsins, sama hversu vel þau eru unnin.



Splallvefur myndlistarmanna er á Facebook:  
Leitarslóðin er:  
R.Mutt

# Ógeðsleg myndlist ?



Ljósmyndir fengnar af netinu.

## Suðsuðvestur:

Gallerí í Reykjanesbæ  
Hafnargötu 22.

Troðningur leit við á heimasíðu gallerísins  
Suðsuðvestur og kannað starfsemina þar 2009.

Sjö sýningar fóru þar fram:  
Sýningar 2009. Nokkrar myndir eru hér birtar af verkum listamannana.

Valgerður Guðlaugsdóttir  
31.okt– 06.des

Libia Castro & Ólafur Ólafsson  
5.september– 11.október

Karlotta Blöndal  
18 júlí - 16 ágúst

Klaas Kloosterboer  
16.maí - 21 júní

Ingólfur Arnarsson  
4.apríl - 3.maí

Didda Hjartardóttir Leaman  
21.febrúar - 29. mars

Hlynur Helgason  
10.janúar - 15.febrúar

<http://www.sudsudvestur.is/>



Ljósmyndir fengnar af vef Suðsuðvestur

Nettímarit

# Troðningur

Menning og listir 2.tbl. janúar 2010 - Útgefandi og áb: Guðmundur R. Lúðvíksson, myndlistamaður.

Myndin á baksíðunni er úr verkinu "Leipzig Boogie Woogie" sem hlaut Palm Art Award í Þýskalandi



## M.a efnis í 3.tbl Troðnings:

... verður m.a fjallað um Edward Kienholz (1927-1994).  
Söfn um allan heim keppast við að sýna verk Edwards.

... er Kína að verða næsta heimsveldi í myndlist ?

... hvað kostar myndlistarmann að setja upp sýningu ?

... hversu mörg listasöfn eru rekin á Íslandi og hverjir  
sækja þau ? Hvað kostar að reka listasafn ?

... Galerie de Aanschouw /80b í Rotterdam

www.1og8.com